

Flokkur	Búnaður og önnur skilyrði
<b>AM</b> <b>Létt bifhjól</b>	Létt bifhjól með aflvél sem er ekki meira en 50 sm <sup>3</sup> að slagrúmmáli og ekki hannað til hraðari aksturs en 45 km/klst. Það skal búið baksýnispeglum á báðum hliðum fyrir ökumann, stefnuljóskerum að framan og að aftan.
<b>A1</b> <b>Bifhjól</b>	Bifhjól í A1-flokki sem er með aflvél að lágmarki 115 sm <sup>3</sup> og gert fyrir a.m.k. 90 km/klst. Ef hjólið er rafdrifið verður aflið að vera a.m.k. 0,08 kW/kg. Að öðru leyti gilda sömu reglur og fyrir A-flokk (hér að neðan).
<b>A2</b> <b>Bifhjól</b>	Bifhjól í A2-flokki sem er að lágmarki 20 kW að afli og með aflvél sem er a.m.k. 245 sm <sup>3</sup> . Ef hjólið er rafdrifið verður aflið að vera a.m.k. 0,15 kW/kg. Að öðru leyti gilda sömu reglur og fyrir A-flokk (hér að neðan).
<b>A</b> <b>Bifhjól</b>	Bifhjól í A-flokki sem er að lágmarki 50 kW að afli og með aflvél sem er a.m.k. 595 sm <sup>3</sup> . Ef hjólið er rafdrifið verður aflið að vera a.m.k. 0,25 kW/kg. Ökukennari leggur til fjarskiptatæki til prófsins. Próftaki skal vera í viðeigandi hlífðarbúnaði (hjálmur, hanskar, skór sem ná upp fyrir ökla og hlífðarföt).
<b>B</b> <b>Fólksbifreið</b>	Bifreið í B-flokki sem er að lágmarki 3,8 m að lengd og 1,45 m á breidd <u>eða</u> a.m.k. 700 kg að eigin þyngd. Hún skal vera beinskipt og með aukafetla fyrir hemla og kúplingu fyrir ökukennara. Einnig á hún að hafa aukaspegla fyrir ökukennara, baksýnispegil inni í bifreið, kúptan baksýnispegil á hægri hlið og flatan augnspegil inni í bifreið. Þegar bifreiðin er búin sérstökum hjálparbúnaði skal ökunemi geta útskýrt virkni búnaðarins. Til hjálparbúnaðar telst: hallahemill, stillanlegur hraðatakmarkari, sjálfvirkur bilskynjari, veglínuskynjari, bakkskynjari, bakkmyndavél eða búnaður sem auðveldar ökumanni að leggja bifreið og annar sambærilegur búnaður. Nota má sjálfskipta bifreið ef stefnt er að skilyrtu ökuskírteini fyrir B-flokk.
<b>C1*</b> <b>Lítill vörubifreið</b>	Bifreið í C1-flokki sem er a.m.k. 5,0 m að lengd, a.m.k. 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. Hún skal búin læsivörðum hemlum. Farmrýmið skal vera lokað og a.m.k. jafnbreitt og jafnhátt og stýrishúsið.  Ef prófað er til vöruflytninga í atvinnuskyni skal bifreið búin ökurita.  Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir B-flokk.

<p><b>D1*</b></p> <p><b>Lítill hóp bifreið</b></p>	<p>Bifreið í D1-flokki sem er a.m.k. 5,0 m að lengd, a.m.k. 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. Hún skal búin læsivörðum hemlum.</p> <p>Ef prófað er til farþegaflutninga í atvinnuskyni skal bifreið búin ökurita.</p> <p>Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir B-flokk.</p>
<p><b>C</b></p> <p><b>Vörubifreið</b></p>	<p>Bifreið í C-flokki sem er að lágmarki 8,0 m að lengd, a.m.k. 2,4 m á breidd, a.m.k. 12.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. Heildar þyngd bifreiðarinnar skal vera a.m.k. 10.000 kg.</p> <p>Farmrýmið skal vera lokað og a.m.k. jafnbreitt og jafnhátt og stýrishúsið. Bifreiðin skal búin baksýnispeglum í flokki II fyrir ökukennara á báðum hliðum. Baksýn án úti baksýnispegla skal ekki vera möguleg fyrir ökumann.</p> <p>Bifreiðin skal búin læsivörðum hemlum, gírkassa með átta gírurum áfram hið minnsta og ökurita. Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir B-flokk.</p>
<p><b>D</b></p> <p><b>Hóp bifreið</b></p>	<p>Bifreið í D-flokki sem er a.m.k. 10 m að lengd og a.m.k. 2,4 m á breidd, skráð fyrir a.m.k. 40 farþega og a.m.k. 10.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. Um spegla, hemla og ökurita gildir sama og fyrir C-flokk. Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir B-flokk.</p>
<p><b>BE</b></p> <p><b>Eftirvagn með fólksbifreið</b></p>	<p>Kennslubifreið í B-flokki með tengdan eftirvagn. Heildarþyngd eftirvagn skal vera a.m.k. 1.250 kg. Heildarþyngd vagnlestar skal vera meiri en 3.500 kg. Ökutækin skulu gerð fyrir a.m.k. 100 km/klst.</p> <p>Farmrými eftirvagnsins skal vera lokað og a.m.k. jafnbreitt og jafnhátt og bifreiðin. Farmrýmið má þó vera lítið eitt mjórra en bifreiðin að því tilskildu að baksýn fái eingöngu með úti baksýnispeglum. Heimilt er að nota sjálfskipta bifreið.</p>
<p><b>C1E/D1E</b></p> <p><b>Eftirvagn fyrir litla vöru- eða hóp bifreið</b></p>	<p>Kennslubifreið í C1- eða D1- flokki með tengdan eftirvagn sem er a.m.k. 1.250 kg að leyfðri heildarþyngd. Heildarþyngd eftirvagns skal vera a.m.k. 800 kg. Vagnlestin skal vera a.m.k. 8,0 m að lengd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. Farmrými eftirvagnsins skal vera lokað og a.m.k. jafnbreitt og jafnhátt og stýrishúsið. Farmrýmið má þó vera lítið eitt mjórra en bifreiðin að því tilskildu að baksýn fái eingöngu með úti baksýnispeglum bifreiðarinnar.</p>
<p><b>CE</b></p> <p><b>Eftirvagn fyrir vörubifreið</b></p>	<p>Bifreiðin skal uppfylla allar kröfur til kennslubifreiðar í C- flokki aðrar en kröfur um lengd og farmrými. Eftir-vagn/tengitæki sem er a.m.k. 7,5 m að lengd skal notaður. Vagnlestin skal vera a.m.k. 14 m að lengd, a.m.k. 2,4 m á breidd, a.m.k. 20.000 kg að leyfðri heildarþyngd. Heildarþyngd hennar skal vera a.m.k. 15.000 og hún gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst.</p> <p>Farmrými eftirvagnsins skal vera lokað og a.m.k. jafnbreitt og jafnhátt og stýrishúsið.</p>

<b>DE</b> <b>Eftirvagn fyrir hópbifreið</b>	Kennslubifreið í D-flokki með tengdan eftirvagn sem er a.m.k. 1.250 kg að leyfðri heildarþyngd og a.m.k. 2,4 m á breidd. Heildarþyngd eftirvagnsins skal vera a.m.k.800 kg. Vagnlestin skal gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst.  Farmrými eftirvagnsins skal vera lokað og a.m.k. 2 m á breidd og hæð.
<b>B</b> <b>Fólksbifreið, farþegaflutningar í atvinnuskyni</b>	Bifreið í B-flokki sem er annað hvort a.m.k. 4,40 m að lengd og a.m.k. 1,60 m á breidd eða a.m.k. 1.100 kg að eigin þyngd. Æskilegt er að bifreið sé búin gjaldmæli leigubifreiða.  Um hemla og spegla gildir hið sama og fyrir kennslubifreið í B-flokki.
<b>T</b> <b>Dráttarvél</b>	Dráttarvél sem er a.m.k. 2.000 kg að eigin þyngd með tengdan eftirvagn/tengitæki sem er a.m.k. 800 kg að eigin þyngd.

\*Fari verklegt próf fram á bifreið sem er ekki búin ökurita skal það tilgreint með „ekki í atvinnuskyni“ á umsókn með niðurstöðu prófs (táknatalan 95 fer þá ekki í ökuskírteini).

Ef ökutæki í verklegu prófi uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru, búnaði er áfátt eða hann bilaður skal fylla út þar til gert eyðublað þar sem athugasemd er skráð og hvernig skuli bregðast við. Athugasemdir geta verið alvarlegar eða vægar. Þegar vægari athugasemdir eru gerðar vegna búnaðar ökutækis er próf látið fara fram en gefinn frestur til lagfæringa. Við alvarlegar athugasemdir er prófi frestað uns úrbætur hafa farið fram.

Dæmi um atriði sem ætti sérstaklega að gefa gaum:

<b>Atriði sem gera skal athugasemdir við</b>	<b>Atriði sem kalla á frestun prófs</b>
öryggisbúnað vantar s.s. viðvörunarpríhyrning, sjúkrakassa, slökkvitæki, brothamra fyrir rúðugler eða exi í rútu	ljósabúnaður óvirkur fyrir aðalljós, hemlaljós eða stefnuljós
mælar eða gaumljós biluð fyrir hleðslu, smurþrýsting, háljós, stefnuljós eða hemlaloftþrýsting. Peru vantar í ljósabúnað	hraðamælir bilaður
mynsturdýpt hjólbarða undir slitmörkum hjólbarðar negldir utan tímabils (nema aðstæður krefjist þess)	hjólbardar óöruggir miðað við aðstæður, t.d. sumardekk í snjó og hálfu
hægri hliðarspegil vantar	kennslubúnaði áfátt s.s. hemlar óvirkir eða baksýnispegil/augnspegil vantar eða er óvirkur
hjólhliðar vörubíla og eftirvagna skemmdar eða vantar	rúðuþurrkur eða miðstöð óvirk við aðstæður sem gera notkun nauðsynlega fyrir umferðaröryggi

erfitt að komast að varadekki o.fl. vegna farangurs	vantar felgubolta, festing hjóla óörugg
leigubíll eða rúta illa þriffin	farmur á vörubílum og eftirvögnum of lítill
hlífðarbúnaði próftaka áfátt í bifhjólaprófi	próftaki í bifhjólaprófi ekki varinn á fullnægjandi hátt s.s. í þunnum fötum eða lélegum skóm eða að fjarskiptatæki virka ekki

Taki prófdómari eftir öðrum atriðum sem að hans mati geta valdið hættu eða dregið úr umferðaröryggi ber honum að fresta prófi og tilkynna ábyrgðarmanni ökuþrófa.

Ökukennari fær í hendur ljósrit af athugasemd og ber honum að koma hlutum í lag fyrir næsta próf, annars fer það ekki fram.

Þegar prófi er frestað telst það ekki til próftilraunar og getur próftaki því reynt við próf við fyrsta tækifæri.

Nota skal eyðublaðið; *Athugasemdir prófdómara vegna ástands eða búnaðar prófbifreiða.*